

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir
FE-1109	Fagraholt 3	Halldór Gunnlaugsson Framkvæmdastjóri
ÍS 47 ehf Öfundarfjörður	400 Ísafjörður	Gísli Jón Kristjánsson Rekstrarstjóri

Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	4.5.2023	5.5.2023	10,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 6 skoðunatriða af 23. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 6 skoðunatriðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 4 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
2.1.2 Framleiðsluskýrsla	5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)
4.1.2 Dauðfiskur	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)
	5.1.7 Viðbragðsáætlun vegna sníkjudýra í sjókvíaldi
	5.1.8 Innra eftirlit vegna sníkjudýra í sjókvíaldi

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit með framleiðsluskýrslum ÍS 47 ehf kom í ljós verulegur mismunur í fjölda fiska eftir uppslátrun í Öfundarfirði í mars 2023. Alls vantaði 24.530 fiska. Matvælastofnun hóf rannsókn á málinu. Á tímabilinu júní til september voru sett út 142.160 regnbogasilungsseiði í kvíar í Öfundarfirði. Seiðin komu frá Matorku. Á eldistímanum voru skráð afföll 14.816 fiskar og slátrað var 102.814 fiskum.

Kallað var eftir öllum köfunarskýrslum og skýringa óskað frá framleiðanda á þessum mismun. Framleiðandi gaf þær skýringar að það hefði verið töluvert um að stærri fiskar hefðu étið minni fiska, en töluverður stærðarmunur var á seiðunum. Eftirlitsmaður fór ítarlega yfir eldisbókhalda Matorku og skoðaði jafnframt reikninga fyrir seiðunum og var fjöldinn þar skráður 142.160 seiði. Starfsmenn Matorku fullyrtu að þessi fjöldi seiða hefði farið til ÍS 47 ehf.

Við frekari eftirgrensulan hjá ÍS 47 ehf. kom í ljós að líklega hefðu þessir fiskar drepist þegar slaki myndaðist á netapokum í kvíum fyrirtækisins og fiskur hafi festis í þessum pokum þegar verið var að strekkja á þeim. Eins hefði ekki verið staðið nægjanlega vel að söfnun dauðfisks á eldistímanum.

Matvælastofnun lítur þetta alvarlegum augum og mælist til þess að fyrirtækið bæti verulega skráningar og innra eftirlit hjá sér. Fyrirtækið er ekki með myndavélakerfi í kvíum sínum og lætur ekki kafa reglulega í kvíar til þess að athuga ástand þeirra. Fyrirtækið hefur sett í gang úrbótaáætlun. Við ítarlega rannsókn málsins, sem stóð yfir frá 15. apríl til 4. maí 2023, kom ekkert í ljós sem benti til þess að um strok hefði verið að ræða, en ljóst að verklag við eldið þarf að bæta verulega.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Ís 47 ehf Öndarfjörður
Fagraholt 3
400 Ísafjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 6506033030

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi

Tengiliðir

Gíslí Jón Kristjánsson	8921062	is47@simnet.is	COO
Halldór Gunnlaugsson	6600221	dorig76@gmail.com	Framkvæmdastjóri

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 05.05.2023

Alvarlegt frávik

Skráningar á afföllum er verulega ábótavant.

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.1 - Sjókvíaeldi

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

4.1.2 Dauðfiskur

Sett inn: 05.05.2023

Alvarlegt frávik

Dauðfisk þarf að taka úr kvíum daglega nema þegar veður hamlar því.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 09.12.2020

Frávik

Vantar skráningar.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 26.10.2021

Frávik

Vantar að skipa sannprófunarhóp og síðan gera sannprófun.

5.1.7 Viðbragðsáætlun vegna sníkjudýra í sjókvíaeldi

Frávik

5.1.8 Innra eftirlit vegna sníkjudýra í sjókvíaeldi

Frávik

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.